



GREIÐSLUR RÁÐUNEYTA TIL STARFSMANNA FÉLAGSVÍSINDASVIÐS HÁSKÓLA ÍSLANDS

JÚNÍ 2011

EFNISYFIRLIT

NIÐURSTÖÐUR OG ÁBENDINGAR	3
VIÐBRÖGD FORSÆTISRÁÐUNEYTIS	6
1 INNGANGUR	8
2 FYRIRSPURN OG SVAR Á ALÞINGI	10
2.1 Fyrirspurn Guðlaugs Þórs Þórðarsonar	10
2.2 Svar forsætisráðherra	10
2.3 Athugasemdir Ríkisendurskoðunar við svarið	13
3 GREIÐSLUR UTAN AFMÖRKUNAR Í SVARI FORSÆTISRÁÐHERRA	18
4 VIÐBÓTARGREIÐSLUR Í BEIÐNI FORSÆTISNEFNDAR	20
5 VIÐAUKI 1	22

NIÐURSTÖÐUR OG ÁBENDINGAR

Að beiðni Guðlaugs Þórs Þórðarsonar alþingismanns óskaði forsætisnefnd Alþingis, með bréfi dagsettu 21. desember 2010, eftir skýrslu Ríkisendurskoðunar um kostnað ráðuneyta við aðkeypta þjónustu, ráðgjöf og sérverkefni þáverandi starfsmanna félagsvísindasviðs Háskóla Íslands á tímabilinu maí 2007 til nóvember 2010. Tilfnið var að þingmaðurinn taldi svar forsætisráðherra við fyrirspurn hans um sama efni hafa verið rangt.

Forsætisráðuneytið vann svarið við fyrirspurninni og aflaði til þess upplýsinga frá öðrum ráðuneytum. Ráðuneytið kaus að afmarka svarið við verktakagreiðslur til fastra starfsmanna félagsvísindasviðs. Svarið tók þannig ekki til stundakennara og heldur ekki til launagreiðslna til þeirra föstu starfsmanna sem höfðu verið í ráðningarsambandi við ráðuneytin eða fengu laun fyrir nefndarsetu. Þá taldi ráðuneytið ekki rétt að ráðast í rannsókn til að afla upplýsinga um greiðslur til félaga í eigu starfsmanna félagsvísindasviðs og var þeim því sleppt í svari forsætisráðherra.

Í svari forsætisráðherra var ekki gerð grein fyrir greiðslum sem runnu til félaga í eigu starfsmanna félagsvísindasviðs á tímabilinu. Miðað við orðalag fyrirspurnarinnar hefði þó að mati Ríkisendurskoðunar verið eðlilegt að tilgreina þessar greiðslur. Forsætisráðuneytið taldi tormerki á að afla upplýsinga um þær en í svarinu er ekki greint frá þessu mati ráðuneytisins. Ríkisendurskoðun telur að stærstu mistök ráðuneytisins felist í því að hafa ekki tilgreint þessar greiðslur eða a.m.k. sett fyrirvara í svarinu um að það næði aðeins yfir greiðslur til einstaklinga.

Ríkisendurskoðun telur jafnframt að svarið hafi verið ófullnægjandi miðað við þann skilning sem ráðuneytið lagði í fyrirspurnina. Þannig vantaði í svarið upplýsingar um verktakagreiðslur frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti og viðskiptaráðuneyti til starfsmanna félagsvísindasviðs. Ekki var heldur gerð grein fyrir hluta verktakagreiðslna hjá félagsmálaráðuneyti. Í svarinu var skilningur forsætisráðuneytisins á fyrirspurninni ekki útskýrður.

Forsætisráðuneytið óskaði eftir upplýsingum frá öðrum ráðuneytum um greiðslur til starfsmanna félagsvísindasviðs og birtast þær óbreyttar í svari forsætisráðherra. Beiðni ráðuneytisins fylgdi að mati Ríkisendurskoðunar ekki nægileg leiðbeining um hvernig bæri að skilja fyrirspurn þingmannsins. Dæmi eru um að einstök ráðuneyti hafi kosið að tilgreina ekki greiðslur sem Ríkisendurskoðun telur ljóst að önnur ráðuneyti hefðu tilgreint. Því er ljóst að ráðuneytin höfðu mismunandi skilning á efni fyrirspurnarinnar.

Loks kannaði forsætisráðuneytið ekki hvort svör ráðuneytanna byggðu öll á sömu forsendum. Þetta leiddi til þess að í þeim var að finna upplýsingar sem ekki áttu að vera þar samkvæmt skilningi ráðuneytisins og af sömu ástæðum vantaði aðrar sem hefðu átt að vera þar.

Ríkisendurskoðun hefur enga ástæðu til að ætla að upplýsingum hafi vísitandi verið leynt í svari forsætisráðherra. Skýringarnar á því að í svarið vantaði upplýsingar liggja að hluta í mistökum sem forsætisráðuneytið hefur viðurkennt og eins í því að svör ráðuneytanna voru ekki nægilega samræmd. Þá telur Ríkisendurskoðun að tryggja þurfi að ráðuneytin hafi glögga yfirsýn um hvernig greitt er fyrir aðkeypta þjónustu og hvort reikningar eru gerðir af þeim einstaklingum eða félögum í þeirra eigu.

Í skýrslubeiðni forsætisnefndar Alþingis til Ríkisendurskoðunar er sérstaklega tekið fram að miðað skuli við allan kostnað, hvort sem um er að ræða tímabundin störf eða verktakavinnu. Beiðni forsætisnefndar er því að mati Ríkisendurskoðunar nokkuð ítarlegri en fyrirspurn þingmannsins til forsætisráðherra.

Túlkun úrskurðarnefndar um upplýsingamál á 5. gr. upplýsingalaga nr. 50/1996, sem birtist m.a. í úrskurði nr. A-288/2008, kemur í veg fyrir að Ríkisendurskoðun geti veitt nákvæmar upplýsingar um launagreiðslur ráðuneyta til einstaka starfsmanna félagsvísindasviðs Háskóla Íslands. Greiðslur til umræddra starfsmanna fyrir tímabundin störf í ráðuneytum á tímabilinu maí 2007 til nóvember 2010 námu samtals 51 m.kr.

Ríkisendurskoðun telur notkun ráðuneyta á launakerfi ríkisins til greiðslu fyrir sérfræðiþjónustu orka tvímælis, enda gerir núverandi formleysi m.a. að verkum að ekki er hægt að veita fullnægjandi upplýsingar um óreglubundnar heildargreiðslur til sérfræðinga, þar sem þeir flokkast sem launþegar í bókhaldi ráðuneyta.

ÁBENDINGAR

1. SKILNING RÁÐUNEYTA Á EFNI FYRIRSPURNA ÞARF AÐ SAMRÆMA

Ríkisendurskoðun telur ljóst að ráðuneytin höfðu mismunandi skilning á efni fyrirspurnarinnar. Þar sem henni var beint til forsætisráðherra bar forsætisráðuneytinu að tryggja að skilningur ráðuneytanna á efni hennar væri samræmdur. Almennt telur Ríkisendurskoðun að sé fyrirspurn á Alþingi beint til ráðherra en ljóst þyki að atbeina annarra ráðuneyta þurfi til að svara henni, þá sé það á ábyrgð ráðuneytis hans að tryggja samræmdan skilning á efni fyrirspurnarinnar.

2. FORSÆTISRÁÐUNEYTIÐ ÞARF AÐ HAFNA NAUÐSYNLEGAR UPPLÝSINGAR

Forsætisráðuneytið hefur lýst því við Ríkisendurskoðun að ráðuneytið hafi ekki haft aðgang að öllum þeim upplýsingum sem þurfti til að leggja mat á svör einstaka ráðuneyta og hafi því ekki gert það. Ríkisendurskoðun telur einsýnt að forsætisráðuneytið verði að hafa aðgang að sömu upplýsingum og önnur ráðuneyti taki það að sér að svara fyrirspurnum sem þessari.

3. BÆTA ÞARF YFIRSÝN RÁÐUNEYTA UM AÐKEYPTA ÞJÓNUSTU

Í svari forsætisráðherra við fyrirspurn þingmannsins voru ekki tilgreindar greiðslur til félaga í eigu starfsmanna félagsvísindasviðs Háskóla Íslands. Greiðslur til slíkra félaga voru þó umtalsverðar á umræddu tímabili. Nauðsynlegt er að ráðuneytin hafi góða yfirsýn um þau verkefni sem unnin eru, hvort sem greitt er fyrir þau til einstaklinga eða félaga í þeirra eigu.

4. SETJA ÞARF REGLUR UM NOTKUN LAUNAKERFIS

Engar reglur, leiðbeiningar eða viðmið eru í gildi um hvort og þá hvenær má nota launakerfi ríkisins til að greiða fyrir sérumbeðna sérfræðiþjónustu. Að mati Ríkisendurskoðunar er brýnt að fjármálaráðuneytið setji slíkar reglur til að koma greiðslum fyrir slíka þjónustu í fastara form. Núverandi fyrirkomulag er ógegnsætt og kemur í veg fyrir að veittar séu nógu nákvæmar upplýsingar um kostnað við aðkeypta þjónustu.

VIÐBRÖGÐ FORSÆTISRÁÐUNEYTI

ÁBENDING 1 AF HÁLFU RÍKISENDURSKOÐUNAR

Skilning ráðuneyta á efni fyrirspurna þarf að samræma

Forsætisráðuneytið áréttar að skilningur ráðuneyta á efni fyrirspurnarinnar var samræmdur í öllum meginatriðum. Það var samræmdur skilningur ráðuneyta að afmarka bæri efni fyrirspurnarinnar við fastráðna starfsmenn félagsvísindasviðs Háskóla Íslands. Þannig var kennitölulisti sem forsætisráðuneytið fékk sendan frá Háskóla Íslands og notaður var í öllum ráðuneytum við vinnslu svarsins afmarkaður við þann hóp. Það var einnig sameiginlegur skilningur ráðuneyta að í þingfyrirspurninni væri einungis spurt um greiðslur vegna aðkeyptrar sérfræðipjónustu, en hvorki greiðslur til einstaklinga sem væru eða hefðu verið í ráðningarsambandi við ráðuneyti né nefndapóknanir. Þá var það loks samræmd afstaða ráðuneyta að ekki væri unnt að veita upplýsingar um greiðslur til félaga sem umræddir einstaklingar ættu hlut í, enda væru ekki fyrirbyggjandi upplýsingar í ráðuneytum um hvaða félög þar væri um ræða. Það er því afstaða forsætisráðuneytisins að skilningur ráðuneyta á efni fyrirspurnarinnar hafi í öllum aðalatriðum verið samræmdur. Þótt unnt sé að benda á einstök dæmi þess að svör ráðuneyta hafi ekki verið í fullu samræmi við þessa afmörkun, m.a. þannig að veittar voru ítarlegri upplýsingar en óskað var eftir, þá telur forsætisráðuneytið að það hafi sinnt samræmingarhlutverki sínu að því marki sem eðlilegt var og ráðuneytið hafði tök á. Forsætisráðuneytið áréttar í þessu sambandi jafnframt að það endurskoðaði ekki svör einstakra ráðuneyta, enda hafði það ekki upplýsingar, tæki eða efnislegar forsendur til þess.

ÁBENDING 2 AF HÁLFU RÍKISENDURSKOÐUNAR

Forsætisráðuneytið þarf að hafa nauðsynlegar upplýsingar

Það hefur verið grundvallarafstaða forsætisráðuneytisins að í þeim tilvikum þar sem þingfyrirspurnum er beint til forsætisráðherra og þær varða öll ráðuneyti þá sé það fyrst og fremst hlutverk ráðuneytisins að hafa milligöngu um að safna svörum ráðuneyta saman og birta þau með heildstæðum hætti í svari til Alþingis. Forsætisráðuneytið og Stjórnarráðið hefur litið svo á að hér væri um að ræða þjónustu við þingmenn og Alþingi þannig að heildstætt svar kæmi fram á einu þingskjali í stað 10, væri fyrirspurnum beint til allra ráðuneyta. Forsætisráðuneytið lítur með öðrum orðum svo á að svör einstakra ráðuneyta séu á ábyrgð þeirra sjálfra. Forsætisráðuneytið hefur eins og áður hefur komið fram ekki aðgangsheimild að bókhaldskerfum annarra ráðuneyta og þar með ekki forsendur til að endurskoða upplýsingar sem þau veita um fjárhagsleg málefni. Vakin er athygli á því að aðeins eru tveir aðilar innan ríkiskerfisins sem hafa slíkar heimildir og eftirlitshlutverk, en það er annars vegar Ríkisendurskoðun og hins vegar fjármálaráðuneytið. Í því samhengi skal einnig bent á að Fjárýsla ríkisins, sem er undirstofnun fjármálaráðuneytisins, veitti forsætisráðuneytinu ekki aðgang að þeim fjárhagsupplýsingum sem sneru að öðrum ráðuneytum en því sjálfu. Sé fallist á þá afstöðu Ríkisendurskoðunar, sem sett er fram

Í þessari ábendingu, þarf að endurskoða það fyrirkomulag að forsætisráðuneytið taki að sér safna saman upplýsingum og svara þingfyrirspurnum af því tagi sem hér um ræðir og meta hvort koma megi á nýju og breyttu verklagi við framsetningu þingmanna á fyrirspurnum sem ná þvert á ráðuneyti.

ÁBENDING 3 AF HÁLFU RÍKISENDURSKOÐUNAR

Bæta þarf yfirsýn ráðuneyta yfir aðkeypta þjónustu

Eins og rakið er í almennum athugasemdum forsætisráðuneytisins síðar í skýrslunni áttu þau vandkvæði sem upp komu við vinnslu svars við fyrirspurninni flest, fyrir utan vandkvæði vegna ítrekaðra breytinga á fyrirspurn, rætur að rekja til þeirrar staðreyndar að spurt var um greiðslur vegna aðkeyptrar sérfræðipjónustu til hóps einstaklinga sem ráðuneytið hafði ekki upplýsingar um hverjir væru og því síður í hvaða hlutafélögum eða sameignarfélögum þeir ættu eða hefðu átt hlut í. Forsætisráðuneytið hafnar því að ráðuneyti innan Stjórnarráðsins hafi ekki yfirsýn yfir verkefni sem unnin eru á þeirra vegum. Þvert á móti telur forsætisráðuneytið óhætt að fullyrða að ráðuneyti hafi almennt góða yfirsýn yfir þau verkefni sem þau láta vinna fyrir sig, óháð því hvort samið er við einstaklinga eða félög um vinnslu þeirra. Í því samhengi sem ábending Ríkisendurskoðunar er sett fram má ætla að það sé afstaða stofnunarinnar að í hvert skipti sem samið sé við einstakling um aðkeypta þjónustu eigi að krefjast þess að viðkomandi veiti ráðuneyti tæmandi upplýsingar um eign hans í einstökum félögum hverju nafni sem þau kunna að nefnast og með sama hætti eigi að krefjast þess, þegar samið er við félag, að það veiti upplýsingar um alla hluthafa þess, bæði einstaklinga og félög. Vandséð er hvaða tilgangi slíkt verklag og upplýsingasöfnun gæti þjónað nema ef vera skyldi til að unnt væri að svara þingfyrirspurnum af því tagi sem hér er til umfjöllunar. Hyggist Ríkisendurskoðun gera kröfu um slíkt verklag í framtíðinni þá er mikilvægt að fram komi og fyrir liggi nákvæmar leiðbeiningar um þetta efni, sem kynntar verði öllum ráðuneytum og ríkisstofnunum.

ÁBENDING 4 AF HÁLFU RÍKISENDURSKOÐUNAR

Setja þarf reglur um notkun launakerfis

Forsætisráðuneytið gerir ekki athugasemd við þessa ábendingu Ríkisendurskoðunar.

Viðbrögð forsætisráðuneytisins í heild sinni eru birt í Viðauka 1.

1 INNGANGUR

Með bréfi dagsettu 21. desember 2010 óskaði forsætisnefnd Alþingis eftir skýrslu Ríkisendurskoðunar um kostnað ráðuneyta við aðkeypta þjónustu, ráðgjöf og sérverkefni þáverandi starfsmanna félagsvísindasviðs Háskóla Íslands á tímabilinu maí 2007 til nóvember 2010. Tilefni beiðninnar var ósk Guðlaugs Þórs Þórðarsonar alþingismanns um að skýrslan yrði unnin. Þingmaðurinn hafði beint fyrirspurn til forsætisráðherra um sama efni en taldi svarið rangt.

Í bréfi forsætisnefndar var óskað eftir að í skýrslu Ríkisendurskoðunar kæmi fram hvernig framangreindur kostnaður skiptist á einstök verkefni milli starfsmanna sviðsins og/eða félaga þeirra. Miða skyldi við alla aðkeypta þjónustu, ráðgjöf og sérverkefni, hvort sem um væri að ræða tímabundin störf eða verktakavinnu. Ríkisendurskoðun lítur svo á að beiðni forsætisnefndar sé nokkuð ítarlegri en fyrirspurn þingmannsins þar sem ekki er hægt að lesa út úr fyrirspurninni að óskað sé upplýsinga um tímabundin störf eða nefndarlaun.

Forsætisráðuneytið aflaði upplýsinga hjá öðrum ráðuneytum þegar svar við fyrirspurn þingmannsins var undirbúið. Ríkisendurskoðun fékk afrit af þeim upplýsingum úr fjárhagsbókhalda ríkisins sem svör ráðuneytanna til forsætisráðuneytisins byggðust einkum á. Upplýsingarnar voru bornar saman við svar forsætisráðherra og skýringa á frávikum leitað hjá ráðuneytunum. Helstu frávik fólust í því að nokkur hluti greiðslna til starfsmannanna fór í gegnum launakerfi ríkisins og var því ekki gjaldfærður á sömu bókhaldstegundir og greiðslur til þeirra sem fengu greitt samkvæmt reikningi.

Þá var aflað upplýsinga frá Háskóla Íslands um alla starfsmenn félagsvísindasviðs í nóvember 2010 og óskað eftir því við fjármálaráðuneytið að það tæki saman upplýsingar um allar launagreiðslur til þessara starfsmanna á tímabilinu. Óskað var eftir því að ráðuneytin staðfestu að greiðslur sem gjaldfærðar voru á safnliði innan ráðuneytanna og aðalskrifstofur, og ekki komu fram í svari forsætisráðherra, féllu ekki undir kaup á sérfræðiþjónustu.

Stofnunin aflaði upplýsinga um félög í eigu umræddra starfsmanna og keyrði út lista yfir öll viðskipti ráðuneytanna við þau á fyrrnefndu tímabili. Upplýsinga um viðskiptin var aflað frá ráðuneytunum eftir því sem þurfti.

Í skýrslunni er gerð grein fyrir fyrirspurn þingmannsins, svari forsætisráðherra og athugasemdum Ríkisendurskoðunar við svarið. Þá er fjallað um greiðslur sem ekki voru tilgreindar í svari forsætisráðherra, bæði vegna þess að forsendur ráðuneytisins

voru aðrar en Ríkisendurskoðun hefur kosið og vegna þess að beiðni forsætisnefndar er nokkuð ítarlegri en fyrirspurn þingmannsins.

Forsætisráðuneytið fékk drög að skýrslunni til athugasemda. Ríkisendurskoðun tók tillit til þeirra athugasemda sem stofnunin taldi réttmætar. Viðbrögð ráðuneytisins við niðurstöðum og ábendingum Ríkisendurskoðunar eru birt í skýrslunni. Viðbrögð við ábendingum Ríkisendurskoðunar eru í kaflanum Viðbrögð forsætisráðuneytis og viðbrögð í heild í Viðauka 1.

2 FYRIRSPURN OG SVAR Á ALÞINGI

2.1 FYRIRSPURN GUÐLAUGS ÞÓRS ÞÓRÐARSONAR

Fyrirspurn Guðlaugs Þórs Þórðarsonar alþingismanns til forsætisráðherra um kostnað ráðuneyta við aðkeypta þjónustu, ráðgjöf og sérverkefni var lögð fram á Alþingi hinn 14. október 2010. Eftir framlagningu var fyrirspurnin prentuð upp þrisvar með breytingum og lá endanleg útgáfa fyrir 24. nóvember 2010 og hljóðaði svo:

1. Hvernig skiptist kostnaður ráðuneyta við aðkeypta þjónustu, ráðgjöf og sérverkefni núverandi starfsmanna félagsvísindasviðs Háskóla Íslands á tímabilinu maí 2007 til nóvember 2010?
2. Hvernig skiptist framangreindur kostnaður eftir einstökum sérverkefnum, þjónustu og ráðgjöf milli núverandi starfsmanna félagsvísindasviðs Háskóla Íslands og/eða félaga þeirra?

Með fyrirspurninni fylgdi eftirfarandi greinargerð:

Á 138. löggjafarþingi beindi Óli Björn Kárason fyrirspurn til forsætisráðherra um aðkeypta þjónustu, ráðgjöf og sérverkefni á vegum ráðuneyta, sbr. þskj. 1405 í máli 679. Í svari forsætisráðherra á þingskjali 1526 kom fram að ráðuneytin hefðu í fæstum tilvikum starfsmannalista háskólanna og því væri ekki hægt að nálgast upplýsingar um sundurliðun á því hvaða starfsmenn eða kennarar viðkomandi skóla hefðu komið að vinnslu viðkomandi verkefna. Af sömu ástæðu var ekki heldur hægt að svara því hvaða önnur verkefni, sem ráðuneytin létu vinna, hefðu verið unnin af núverandi eða fyrrverandi starfsmönnum eða kennurum íslenskra háskóla. Þar sem starfsmannalistar félagsvísindasviðs Háskóla Íslands eru opinberir og gerðir aðgengilegir á vef háskólans er nú kallað eftir upplýsingum um skiptingu kostnaðar milli starfsmanna deildarinnar.

2.2 SVAR FORSÆTISRÁÐHERRA

Svar forsætisráðherra við fyrirspurninni var lagt fram á Alþingi 15. desember 2010 og fer hér á eftir:

Fyrrgreind fyrirspurn, í sinni upprunalegu mynd, barst forsætisráðherra 15. október sl. Var þá spurt um kostnað ráðuneyta við aðkeypta þjónustu, ráðgjöf og sérverkefni starfsmanna félags- og mannvísindadeildar Háskóla Íslands á tímabilinu maí 2007 til maí 2010. Leit ráðuneytið svo á að hér væri bæði spurt um verkefni núverandi og fyrrverandi starfsmanna deildarinnar á tímabilinu. Til að unnt væri að svara fyrirspurninni óskaði ráðuneytið eftir því við Háskóla Íslands að hann útvegaði ráðuneytinu lista yfir núverandi og fyrrverandi starfsmenn deildarinnar á framangreindu tímabili enda væru þær upplýsingar ekki

aðgengilegar ráðuneytinu með öðrum hætti og ber í því sambandi að hafa í huga að starfsmannalisti deildarinnar sem birtur er heimasíðu Háskóla Íslands tilgreinir aðeins núverandi starfsmenn. Var forseta Alþingis og fyrirsprjanda tilkynnt um þessa málsmeðferð og jafnframt að þetta mundi óhjákvæmilega leiða til einhverra tafa á því að unnt væri að svara fyrirspurninni enda ekki unnt að kalla eftir svörum úr einstökum ráðuneytum fyrr en starfsmannalistinn lægi fyrir. Hinn 11. nóvember 2010 barst ráðuneytinu bréf frá Alþingi þar sem tilkynnt var um breytingu á fyrirspurninni þess efnis að nú væri einungis spurt um núverandi starfsmenn félags- og mannvísindadeildar. Hinn 16. nóvember barst ráðuneytinu á ný bréf frá Alþingi þar sem tilkynnt var um að fyrirspurnin hefði verið prentuð upp á ný og nú með þeirri breytingu að spurt væri um starfsmenn alls félagsvísindasviðs Háskóla Íslands en ekki einungis starfsmenn félags- og mannvísindadeildar eins og áður. Þann 24. nóvember barst ráðuneytinu síðan enn aftur tilkynning frá Alþingi um að fyrirspurnin hafi verið prentuð upp í þriðja sinn, þá með breytingum að því er varðar tímabilið sem spurt er um. Hefur framgreint óhjákvæmilega valdið töfum á því að unnt hafi verið að svara fyrirspurninni enda hefur jafnan þurft að útbúa ný gögn og senda nýjar upplýsingabeidnir í öll ráðuneyti í hvert skipti sem fyrirspurninni hefur verið breytt. Er eftir sem áður beðist velvirðingar á þeim töfum sem orðið hafa á því að svara fyrirspurn þessari.

Í svarinu kom jafnframt fram eftirfarandi tafla.

2.1 Kostnaður ráðuneyta, úr svari forsætisráðherra			
RÁÐUNEYTI	VERKEFNI	FJÁRHÆÐ	ÁR
NAFN STARFSMANNS			
FORSÆTISRÁÐUNEYTI			
BJÖRG THORARENSEN	GERÐ FRUMVARPS UM BREYTINGAR Á STJÓRNSÝSLULÖGUM	257.028	2007
BJÖRG THORARENSEN	VINNA Í RÁÐGJAFARHÓPI UM BREYTINGAR Á STJÓRNARSKRÁNNI	1.365.523	2009
BJÖRG THORARENSEN	VINNA VEGNA FRUMVARPA TIL LAGA UM ÞJÓÐARATKVÆÐAGREIÐSLUR OG STJÓRNLAGAÞING	1.058.053	2009
BJÖRG THORARENSEN	VINNA VEGNA UNDIRBÚNINGIS FRUMVARPS VEGNA ÍCESAVE- SAMNINGA	406.944	2009
RÓBERT RAGNAR SPANÓ	FORMENNSKA OG SÉRFRÆÐISTÖRF HIJÁ NEFND UM STARFSEMI VIST- OG MEDFERÐARHEIMILA FYRIR BÖRN	10.563.664	2007–10
RÓBERT RAGNAR SPANÓ	RÁDGJÖF VEGNA EFTIRLAUNAFRUMVARPS	252.000	2008
PÓRHILDUR LÍNDAL	RANNSÓKN Á ÚRLAUSNUM MANNRETTINDADÓMSTÓLS EVRÓPU MED TILLITI TIL RÉTTINDA BARNNA	375.000	2007
TRAUSTI FANNAR VALSSON	ÚRSKURÐARNEFND UM UPPLÝSINGAMÁL	781.000	2008–09
SIGURBJÖRG SIGURGEIRSDÓTTIR	NEFND UM ENDURSKOÐUN Á LÖGUM UM STJÓRNARRÁÐ ÍSLANDS	1.648.000	2010
EIRÍKUR JÓNSSON	STARFSHÓPUR UM BÓTAMÁL VEGNA NIÐURSTAÐNA NEFNDAR UM STARFSEMI VIST- OG MEDFERÐAHEIMILA FYRIR BÖRN, VEGNA BREIÐAVÍKUR	636.000	2010
ADALHEIÐUR JÓHANNSDÓTTIR	NEFND SAMKVÆMT ÁKVÆÐI TIL BRÁÐABIRGÐA III Í LÖGUM NR. 58/2008	6.426	2010
BENEDIKT BOGASON	SÉRFRÆÐIRÁDGJÖF	133.000	2010
BENEDIKT BOGASON	VINNA Í LAGAHÓPI VEGNA ÍCESAVE-SAMKOMULAGSINS	360.000	2009
EIRÍKUR TÓMASSON	RÁDGJÖF VEGNA NEYÐARÁSTANDS Á FJÁRMÁLAMARKAÐI	272.000	2009
DADI MÁR KRISTÓFERSSON	GREINARGERÐ VEGNA GJALDTÖKU VATNS- OG JARÐHITARÉTTINDA	686.630	2010
GUNNAR HELGI KRISTINSSON	STARFSHÓPUR UM VIÐBRÖÐ STJÓRNARRÁÐSINS VIÐ SKÝRSLU RANNSÓKNARNEFNDAR ALÞINGIS	800.000	2010
FÉLAGS- OG TRYGGINGAMÁLARÁÐUNEYTI			
GYLFI DALMANN ADALSTEINSSON	FYRIRLESTUR VEGNA SAMEININGAR	60.000	2010
ARNALDUR SÖLVI KRISTJÁNSSON	ÚTREIKNINGUR VEGNA BARNATRYGGINGA	280.000	2009
STEFÁN ÓLAFSSON	VINNA VIÐ SÉRHEFTI NOSOSKO UM FLÆÐI FÓLKS ÚT AF VINNUMARKAÐI	208.000	2009
STEFÁN ÓLAFSSON	VINNA VIÐ SKÝRSLU VERKEFNISSTJÓRNAR UM ENDURSKOÐUN ALM. TRYGGINGA	755.000	2010
ANNI GUÐNÝ HAUGEN	YFIRLESTUR HANDRITS UM OFBELDI GEGN BÖRNUM	15.000	2008
HREFNA FRÍDRIKSDÓTTIR	SÉRFRÆÐIRÁDGJÖF VEGNA FRUMVARPS TIL BREYTINGA Á BARNAVERNDARLÖGUM	212.000	2009
HREFNA FRÍDRIKSDÓTTIR	VINNA FYRIR NEFND UM STÖÐU BARNNA Í MISMUNANDI FJÖLSKYLDUGERÐUM	322.000	2009
HREFNA FRÍDRIKSDÓTTIR	VINNA FORMANNS STARFSHÓPS UM ENDURSKOÐUN BARNAVERNDARLAGA	1.176.000	2009
INGÓLFUR VILHJÁLMMUR GÍSLASON	RITUN FRÆÐSLUBÓKAR UM HEIMILISOFBELDI	940.000	2008
GUÐNÝ BJÖRK EYDAL	FYRIRLESTUR VEGNA AÐGERÐARÁRS GEGN FÁTÆKT	35.000	2010
TINNA LAUFHEY ÁSGEIRSDÓTTIR	VINNA VEGNA RÁÐSTEFNU UM ELDRI BORGARA OG ATVINNULÍF	50.000	2010
STEFÁN ÓLAFSSON	FYRIRLESTUR NORRÆNNA RÁÐHERRA VELFERÐARMÁLA	30.000	2009
STEFÁN ÓLAFSSON	FYRIRLESTUR Á NORRÆNNI RÁÐSTEFNU UM ÞÁTTTÖKU ELDRI BORGARA	50.000	2009
STEFÁN ÓLAFSSON	FYRIRLESTUR UM ATVINNUPÁTTTÖKU ÖRYRKJA	50.000	2009
FREYDÍS J. FREYSTEINSDÓTTIR	FUNDUR VEGNA MATSTEYMIÐS UM DVALARRÝMI OG AFGREIÐSLA	18.624	2009
ÍRIS BJÖRG KRISTJÁNSDÓTTIR	STEFNUMÓTUN OG UNDIRBÚNINGUR LÖGGJAFAR Í INNFLYJTJENDAMÁLUM	170.000	2010
ÍRIS BJÖRG KRISTJÁNSDÓTTIR	STEFNUMÓTUN OG UNDIRBÚNINGUR LÖGGJAFAR Í INNFLYJTJENDAMÁLUM	170.000	2010

FJÁRMÁLARÁÐUNEYTI			
HELGI DAGBJARTUR ÁSS GRÉTARSSON	RÁÐGJÖF UM MÁLEFNI ICESAVE	1.508.000	2009
PÁLL SIGURDSSON	KÆRUNEFND ÚTBODSMÁLA	11.789.902	2007–10
TRAUSTI FANNAR VALSSON	YFIRFASTEIGNAMATSNEFND	136.000	2008
BJÖRG THORARENSEN	NEFND SEM RANNSAKAR MÁL EMBÆTTISMANNA SEM VEITT HEFUR VERIÐ LAUSN UM STUNDARSAKIR	506.433	2008
SKÚLI MAGNÚSSON	AÐSTOÐ VIÐ LÖGGJÖF UM OPINBER INNKAUP	2.540.579	2007–10
BENEDIKT BOGASON	PRÓFNEFND UM LÖGGILDINGU ENDURSKODENDA	486.671	2008–09
EINAR GUDBJARTSSON	PÝÐINGAR OG RÁÐGJÖF VIÐ REIKNINGSSKILARÁÐ	928.672	2007–08
ELMAR H. HALLGRÍMSSON	ENDURSKOÐUN LAGA UM ENDURSKOÐENDUR	56.094	2009
HÁSKÓLI ÍSLANDS	MAT Á ÁHRIFUM SKATTBREYTINGA	10.597.600	2007–08
HÁSKÓLI ÍSLANDS	AÐSTOÐ VIÐ ÚTREIKNINGA Á ÝMSUM ÞJÓÐHAGSSTÆRÐUM Í TENGLUM VIÐ SAMNING	404.250	2009
HÁSKÓLI ÍSLANDS	SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA UM LOSUN GRÓÐURHÚSALOFTTEGUNDA		
HÁSKÓLI ÍSLANDS	AÐSTOÐ VIÐ VERKEFNI UM ÞEKINGARTORG Á HEILBRIGÐISSVIÐI	1.000.000	2007–08
SAMGÖNGU- OG SVEITARSTJÓRNARRÁÐUNEYTI			
RÓBERT SPANÓ	HEILDARENDURSKOÐUN UMFERÐARLAGA	1.240.000	2009
HEILBRIGÐISRÁÐUNEYTI			
STEFÁN ÓLAFSSON	FYRIRLESTUR	30.000	2009
STEFÁN ÓLAFSSON ¹	FORMAÐUR NEFNDAR, VINNA OG SKÝRSLUSKRIF	-	2009
ÚTANRÍKISRÁÐUNEYTI			
EIRÍKUR TÓMASSON	RÁÐGJÖF VEGNA FRUMVARPS UM ALÞJÓÐLEGA ÞRÓUNARSAMVINNU	49.800	2008
BJÖRG THORARENSEN	YFIRLESTUR OG SVÖR VIÐ SPURNINGALISTUM ESB	271.296	2009
JÓNÍNA EINARSDÓTTIR	UMSAGNIR UM UMSÓKNIR UM STYRKI TIL NEYÐAR- OG MANNÚÐARSTARFA	180.000	2009
MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTI			
GYLFI DALMANN AÐALSTEINSSON	RÁÐGJÖF VEGNA RÁÐNINGAR FORSTÖÐUMANNS RANNÍS	120.000	2008
TRAUSTI FANNAR VALSSON	VEGNA FRUMVARPS TIL LAGA UM OPINBERA HÁSKÓLA	219.000	2008
INGÓLFUR VILHJÁLMMUR GÍSLASON	VEGNA JAFNRÉTTISMÁNNAÐAR	25.000	2008
ROBERT RAGNAR SPANÓ	NÁMSKEIÐ UM STJÓRNSÝSLURÉTT	161.000	2008
UMHVERFISRÁÐUNEYTI			
AÐALHEIÐUR JÓHANNSDÓTTIR	FUNDUR VEGNA ENDURSKOÐUNAR NÁTTÚRUVERNDARLAGA	10.000	2010
AÐALHEIÐUR JÓHANNSDÓTTIR	FUNDUR VEGNA LAGA UM ÁRÓSAMNING	8.000	2010
RÓBERT RAGNAR SPANÓ	LÖGFRÆÐIÁLIT	90.000	2007
RÓBERT RAGNAR SPANÓ	LÖGFRÆÐIRÁÐGJÖF	59.500	2008
EIRÍKUR TÓMASSON	LÖGFRÆÐIÁLIT VEGNA STRANDS WILSONS MUUGA	32.000	2007
DÓMSMÁLA- OG MANNRÉTTINDARÁÐUNEYTI			
BJÖRG THORARENSEN	VINNA VIÐ SPURNINGALISTA FRÁ EVRÓPURÁÐINU	66.954	2007
BJÖRG THORARENSEN	VINNA VIÐ GREINARGERÐ Í MÁLI FYRIR MANNRÉTTINDADÓMSTÓLNUM	312.452	2007
EYVINDUR G. GUNNARSSON	VINNA VIÐ LÚGANÓ-SAMNINGINN	90.000	2007
BENEDIKT BOGASON	VINNA VIÐ PÝÐINGU PRIGGJA HAAG-SAMNINGA UM RÉTTARFAR	327.720	2007
BJÖRG THORARENSEN	VINNA VIÐ GREINARGERÐ Í MÁLI FYRIR MANNRÉTTINDADÓMSTÓLNUM	339.233	2008
BJÖRG THORARENSEN	VINNA Í MÁLI FYRIR MANNRÉTTINDADÓMSTÓLNUM	71.417	2008
RAGNHEIÐUR BRAGADÓTTIR	VINNA VIÐ FRUMVARP TIL LAGA UM BREYTINGU Á ALMENNUM HEGNINGARLÖGUM	348.300	2008
BJÖRG THORARENSEN	VINNA Í MÁLI FYRIR MANNRÉTTINDADÓMSTÓLNUM	178.544	2008
BJÖRG THORARENSEN	VINNA Í MÁLI FYRIR MANNRÉTTINDADÓMSTÓLNUM	312.452	2008
BJÖRG THORARENSEN	VINNA Í MÁLI FYRIR MANNRÉTTINDADÓMSTÓLNUM	178.544	2008
BENEDIKT BOGASON	VINNA VIÐ FRUMVARP UM SKULDAÐLÖGUM	246.840	2009
BJÖRG THORARENSEN	VINNA Í MÁLI FYRIR MANNRÉTTINDADÓMSTÓLNUM	506.419	2009
BJÖRG THORARENSEN	VINNA Í NEFND UM MEDFERÐ HÆLISUMSÓKNA	1.347.436	2009
TRAUSTI FANNAR VALSSON	VINNA Í NEFND UM MEDFERÐ HÆLISUMSÓKNA	693.867	2009
ÞÓRHILDUR LÍNDAL	VINNA VIÐ FRVARP TIL LÖGFESTINGAR Á SAMNINGI SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA	1.560.000	2009
BJÖRG THORARENSEN	VINNA Í MÁLI FYRIR MANNRÉTTINDADÓMSTÓLNUM	406.944	2010
BJÖRG THORARENSEN	VINNA VEGNA FORMENNSKU Í SÉRFRÆÐINEFND EVRÓPURÁÐS	226.080	2010
BJÖRG THORARENSEN	VINNA VIÐ GERÐ FIMM SKÝRSLNA ÍSLANDS UM SAMNING SP	542.592	2010
BJÖRG THORARENSEN	VINNA Í MÁLI FYRIR MANNRÉTTINDADÓMSTÓLNUM	90.432	2010
BJÖRG THORARENSEN	VINNA Í MÁLI FYRIR MANNRÉTTINDADÓMSTÓLNUM	226.080	2010
ÍÐNAÐARRÁÐUNEYTI			
EIRÍKUR TÓMASSON	LÖGFRÆÐIADSTOÐ VEGNA BREYTINGA Á LÖGUM Á AUÐLINDASVIÐI	410.850	2007

¹ Reikningur frá SO Consulting ehf. að fjárhæð 1.121.970 kr. var bókaður 7. janúar 2011.

2.3 ATHUGASEMDIR RÍKISENDURSKOÐUNAR VIÐ SVARIÐ

Eins og fram kemur í svari forsætisráðherra við fyrirspurn þingmannsins var fyrirspurnin prentuð upp þrisvar með breytingum eftir að hún kom fyrst fram. Að mati Ríkisendurskoðunar sýnir það að hún var ekki nægilega skýr og nákvæmt orðuð. Þetta olli forsætisráðuneytinu og öðrum ráðuneytum augljóslega vissum vandræðum við vinnslu svarsins.

Stofnunin telur svar ráðherra ekki fullnægjandi miðað við þær forsendur sem ráðuneytið gaf sér og er gerð grein fyrir þeirri niðurstöðu hér á eftir.

Ástæða er til að taka fram að Ríkisendurskoðun hefur enga ástæðu til að ætla að upplýsingum hafi vísitandi verið haldið leyndum. Aftur á móti telur stofnunin að annars vegar hafi skort á að svör ráðuneytanna væru nægilega vel samræmd og hins vegar hafi sum ráðuneytanna ekki haft nógu góða yfirsýn um hvort reikningar voru gefnir út af þeim einstaklingum sem unnu verkefnið eða fyrirtækjum á þeirra vegum.

Vegna þessarar athugasemdar minnir Ríkisendurskoðun á að í júní 2009 svaraði stofnunin bréfi forsætisráðuneytisins þar sem óskað var eftir að hún færi yfir fyrirbyggjandi samninga ráðuneytisins við ráðgjafa og verktaka. Samhliða svarinu sendi stofnunin leiðbeiningarrit Ríkiskaupa um kaup á ráðgjöf frá árinu 2009 sem unnið var að beiðni Ríkisendurskoðunar. Í ritinu kemur m.a. fram að samningsaðilar skuli við upphaf verks gera með sér skriflegan samning um verkið og í honum skuli koma fram hverjir séu samningsaðilar og hvernig reikningar verði lagðir fram og greiddir.

Loks telur Ríkisendurskoðun að það kunni að hafa haft áhrif að fyrirspurnin var prentuð upp þrisvar, þ.e. forsendur breyttust eftir að fyrirspurnin var komin fram.

2.3.1 ÓLJÓRAR FORSENDUR SVARS

Í bréfi til Ríkisendurskoðunar, dagsettu 28. mars 2011, gerði forsætisráðuneytið grein fyrir forsendum sem lágu til grundvallar svari forsætisráðherra. Þannig var svarið afmarkað við fasta starfsmenn félagsvísindasviðs Háskóla Íslands og stundakennurum því sleppt. Í fyrirspurn þingmannsins er talað um starfsmenn en þess ekki getið hvort einungis sé átt við fastráðna starfsmenn eða alla þá sem þáðu launagreiðslur frá félagsvísindasviði í nóvember 2010. Að mati Ríkisendurskoðunar hefði forsætisráðuneytið átt að láta skilgreiningu á hugtakinu „starfsmaður“ fylgja með svarinu til að fyrirbyggja misskilning.²

Í fyrirspurn þingmannsins var spurt um kostnað ráðuneyta við aðkeypta þjónustu, ráðgjöf og sérverkefni. Í fyrrnefndu bréfi forsætisráðuneytisins til Ríkisendurskoðunar kemur fram að ráðuneytið hafi skilið fyrirspurnina á þann veg að með aðkeyptri

² Af þessu tilefni skal tekið fram að Ríkisendurskoðun gerir í skýrslunni aðeins grein fyrir greiðslum til þeirra sem voru skráðir fastir starfsmenn í launakerfi Háskóla Íslands í nóvember 2010.

**SVARIÐ EKKI Í
SAMRÆMI VIÐ
FORSENDUR
RÁÐUNEYTISINS**

**SKILGREINA HEFÐI
ÞURFT HUGTAKIÐ
„STARFSMAÐUR“**

þjónustu væri átt við greiðslur ráðuneytanna fyrir sérfræðiþjónustu gegn framlögðum reikningum en ekki launagreiðslur til þeirra sem voru í ráðningarsambandi við ráðuneytin eða nefndarlaun.

Ríkisendurskoðun óskaði upplýsinga frá öllum ráðuneytunum við vinnslu skýrslunnar. Í svari fjármálaráðuneytisins við fyrirspurn Ríkisendurskoðunar frá 3. mars sl. um misræmi milli svara ráðuneytisins og upplýsinga frá Fjársýslu ríkisins segir um skilning ráðuneytisins á fyrirspurn þingmannsins:

Fjármálaráðuneytið lagði þann skilning í fyrirspurn Guðlaugs Þórs að verið væri að spyrja um alla aðkeypta þjónustu, ráðgjöf og sérverkefni, hvort heldur greitt var fyrir þá vinnu með launum eða skv. reikningi.

Af þessu að dæma vantaði nokkuð upp á ráðuneytin hefðu samræmdan skilning á fyrirspurninni enda er að finna í svarinu upplýsingar úr launakerfi ríkisins og á það reyndar við um fleiri ráðuneyti en fjármálaráðuneytið, þar á meðal forsætisráðuneytið. Þær upplýsingar eru þó ekki tæmandi heldur eiga aðeins við um hluta greiðslna til Bjargar Thorarensen, Benedikts Bogasonar, Einars Guðbjartssonar, Elmars Hallgríms Hallgrímssonar, Páls Sigurðssonar og Skúla Magnússonar. Þá hefði verið rétt að tilgreina allan kostnað ráðuneytanna af þjónustu umræddra aðila, þ.e. greiðslur til þeirra og launatengd gjöld. Loks eru þessar greiðslur flokkaðar sem laun en ekki kaup á sérfræðiþjónustu og endurspeglar því bókhald ríkisins ekki eðli þessara útgjalda með réttum hætti. Nánar er fjallað um launagreiðslur í kafla 4.

Ríkisendurskoðun telur að forsætisráðuneytið hefði mátt veita ráðuneytunum skýrari leiðbeiningar á skriflegu formi um hvernig skilja bæri fyrirspurn þingmannsins til að tryggja samræmi.

2.3.2 VERKTAKAGREIÐSLUR SEM VANTAÐI Í SVARIÐ

Við vinnslu svars við fyrirspurn þingmannsins keyrði Fjársýsla ríkisins út lista yfir greiðslur frá ráðuneytunum til fastráðinna starfsmanna félagsvísindasviðs Háskóla Íslands. Upplýsingarnar sem fengust með þessu voru síðan sendar til ráðuneytanna til úrvinnslu. Hvert ráðuneyti fyrir sig sendi síðan forsætisráðuneytinu upplýsingar um greiðslur til einstakra starfsmanna og voru þær birtar óbreyttar í svari forsætisráðherra. Dæmi eru um að ráðuneytin hafi ekki tilgreint greiðslur sem birtust í yfirlitinu. Í eftirfarandi töflu er gerð grein fyrir þessum greiðslum.

MISMUNANDI SKILNINGUR RÁÐUNEYTA Á FYRIRSPURNINNI

UPPLÝSINGAR FRÁ RÁÐUNEYTNUNUM BIRTAR ÓBREYTTAR Í SVARINU

2.2 Verktakagreiðslur sem voru undanskildar í svari forsætisráðherra (kr. með vsk.)				
RÁÐUNEYTI	NAFN STARFSMANNS	VERKEFNI	FJÁRHÆÐ	ÁR
SJÁVARÚTVEGS- OG LANDBÚNAÐARÁÐUNEYTI				
	ÁSTA MÖLLER	FORMENNSKA Í NEFND UM MARKAÐSETNINGU HROSSA	150.000	2008-09
	BJÖRG THORARENSEN	VINNA VEGNA ÁLITS MANNRÉTTINDANEFNDAR SP	280.000	2007-08
	DADI MÁR KRISTÓFERSSON	VINNA VEGNA NEFNDAR UM ENDURSKOÐUN FISKVEIÐISTJÓRNUNAR	355.432	2010
	HELGI DAGBJARTUR ÁSS GRÉTARSSON	VINNA VEGNA MÁLAREKSTURS VARDANDI RÉTTINDI VEIÐA INNAN NETLAGA	582.038	2008
	HELGI TÓMASSON	TÖLFRÆÐIRÁÐGJÖF OG ÚTREIKNINGAR VARDANDI ÚRTAKSVIGTUN SJÁVARAFURÐA	747.000	2008
	RAGNAR ÁRNASON	VINNA VEGNA BREYTINGA Á LÖGUM UM STJÓRN FISKVEIÐA	249.000	2008
FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTI				
	HELGA ÓLAFS ÓLAFSDÓTTIR	VINNA FYRIR FJÖLMENNINGARSETUR Á ÍSAFIRÐI	50.000	2010
VIÐSKIPTARÁÐUNEYTI				
	HAUKUR CAMILLUS BENEDIKTSSON	ENDURSKOÐUN PRÓFENISLÝSINGAR FYRIR PRÓFNEFND VERÐBRÉFAVIÐSKIPTA	100.000	2009

Ríkisendurskoðun óskaði eftir skýringum á því hvers vegna ekki var gerð grein fyrir þessum greiðslum í svari við fyrirspurn þingmannsins. Skýringar ráðuneytanna fara hér á eftir.

SJÁVARÚTVEGS- OG LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTI

Forsætisráðuneytið hefur skýrt frá því að gleymst hafi að skrá umræddar upplýsingar í svar forsætisráðherra. Ábyrgðin á því liggur hjá forsætisráðuneytinu.

FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTI

Vinna umrædds starfsmanns var fyrir Fjölmeningarsetur á Ísafirði. Ráðuneytið leit svo á að Fjölmeningarsetrið væri nánast ígildi stofnunar og því voru greiðslurnar ekki teknar með í úrvinnslu.

VIÐSKIPTARÁÐUNEYTI

Í skýringum ráðuneytisins segir að Prófnefnd verðbréfavíðskipta sé rekin af prófgjöldum og því beri ráðuneytið engan kostnað vegna þessara víðskipta.

Ríkisendurskoðun telur að miðað við þær forsendur sem forsætisráðuneytið gaf sér hefði átt að tilgreina allar þær greiðslur sem koma fram í töflu 2.2 í svari forsætisráðherra.

2.3.3 GREIÐSLUR TIL FÉLAGA STARFSMANNA SEM EKKI VAR GETIÐ UM

Í fyrirspurninni er spurt um greiðslur til félaga í eigu starfsmanna félagsvísindasviðs Háskóla Íslands. Í svari forsætisráðherra er ekki fjallað um slíkar greiðslur og heldur ekki þá annmarka sem forsætisráðuneytið sá á því að kanna þær. Hins vegar er fjallað um þá í fyrrgreindu bréfi forsætisráðuneytisins til Ríkisendurskoðunar frá 28. mars sl. Þar segir orðrétt:

Ljóst er að það var háð nokkrum vandkvæðum af hálfu ráðuneyta að afmarka þennan þátt fyrirspurnarinnar. Til að unnt hefði verið að afmarka þetta með tæmandi hætti hefði þurft að keyra kennitölur umræddra starfsmanna saman við hlutafélagaskrá og skrá yfir sameignarfélög. Þótt slík samkeyrsla hefði verið framkvæmd þá hefðu niðurstöður hennar ekki gefið til kynna með ótvíræðum hætti að umræddir starfsmenn hefðu í raun unnið þau verk sem félögin höfðu fengið greitt fyrir heldur hefði þurft nánari rannsóknir við í hverju tilviki til að leiða það í ljós enda kunna viðkomandi starfsmenn einungis að vera meðeigendur eða litlir hluthafar í einstökum félögum. Af þessum sökum var ekki talið rétt að fara í slíka rannsókn heldur var hverju ráðuneyti fyrir sig falið að skoða það með öðrum leiðum hvort og þá hvaða greiðslur til félaga vegna aðkeyprar þjónustu hefðu í raun runnið til starfsmanna félagsvísindasviðs Háskóla Íslands og var sú athugun á ábyrgð hvers ráðuneytis fyrir sig.

Með tölvupósti til Ríkisendurskoðunar 9. júní sl. tók forsætisráðuneytið fram að orðalag í bréfinu hefði e.t.v. verið villandi. Í tölvupóstinum eru ástæður þess að greiðslum til félaga var sleppt útskýrðar með eftirfarandi hætti:

**EKKI TALID RÉTT AÐ
KANNA GREIÐSLUR TIL
FÉLAGA**

Ráðuneytið bjó ekki yfir upplýsingum sem til þurfti til að unnt væri að svara þessum þætti fyrirspurnarinnar og taldi ekki rétt að ráðast í þá rannsókn og upplýsingaöflun sem til þurfti til að unnt væri að svara þessu. Þessi afstaða forsætisráðuneytisins var kynnt öðrum ráðuneytum í símtölum en spurningar um þennan þátt fyrirspurnarinnar komu frá öllum ráðuneytum, ... Þessi samskipti voru hins vegar því miður ekki skráð. Sú staðreynd að ekkert ráðuneyti tiltekur félög í svari sínu endurspeglar skýrlega að þetta var í reynd samræmt þótt ekki séu tiltæk gögn því til sönnunar. Hins vegar er hæpið að forsætisráðuneytið hefði krafist þess að upplýsingar um félög væru tekin út úr svarinu ef [eitthvert] ráðuneyti hefði kosið þrátt fyrir afstöðu forsætisráðuneytisins að hafa þær með enda er það meginafstaða forsætisráðuneytisins að birta svör ráðuneytanna óbreytt og endurskoða þau ekki enda lítur forsætisráðuneytið [svo á] að ábyrgð á [efni] svara hvers ráðuneytis hvíli hjá því.

Ríkisendurskoðun aflaði upplýsinga um félög í eigu starfsmanna félagsvísindasviðs Háskóla Íslands og keyrði saman við bókhaldskerfi ríkisins. Í ljós komu umtalsverðar greiðslur sem ekki er getið í svari forsætisráðherra og er nánar fjallað um þær í kafla 3. Að mati Ríkisendurskoðunar átti forsætisráðuneytið að gera grein fyrir þessum greiðslum í svari sínu við fyrirspurninni. Ef ráðuneytið taldi tormerki á því að afla upplýsinga um þessar greiðslur hefði að lágmarki átt að geta þess í svarinu að það tæki ekki til þeirra. Þar sem slíka fyrirvara skorti telur Ríkisendurskoðun að svar forsætisráðherra gefi ófullnægjandi mynd af kostnaði ráðuneyta við aðkeypta þjónustu, ráðgjöf og sérverkefni starfsmanna félagsvísindasviðs Háskóla Íslands og félaga þeirra. Ríkisendurskoðun telur vinnubrögð forsætisráðuneytisins gagnrýniverð að þessu leyti.

**VINNUBRÖGÐ
RÁÐUNEYTISINS
GAGNRÝNIVERÐ**

**RÁÐUNEYTIÐ HEFÐI
ÁTT AÐ SAMRÆMA
UPPLÝSINGARNAR**

2.3.4 SVÖR FRÁ RÁÐUNEYTUNUM VORU EKKI SAMRÆMD

Í bréfi forsætisráðherra til Alþingis og Ríkisendurskoðunar, dagsettu 26. janúar sl., kemur m.a. fram að forsætisráðuneytið hafi haft milligöngu um að safna upplýsingum frá öðrum ráðuneytum vegna vinnslu svarsins. Forsætisráðuneytið hafi hins vegar ekki endurskoðað þær. Að mati Ríkisendurskoðunar hefði forsætisráðuneytið átt að fara vandlega yfir upplýsingarnar og samræma þær til að tryggja að svarið yrði fullnægjandi. Ráðuneytið hefur upplýst að það fékk ekki afhentan heildarlista yfir öll þau viðskipti sem ráðuneytunum var gert að taka afstöðu til. Því hafi það ekki haft nauðsynleg tæki til að endurskoða svör ráðuneytanna. Af þeim sökum hefði að mati Ríkisendurskoðunar verið rétt og eðlilegt af ráðuneytinu að setja fyrirvara við svarið.

Sem dæmi um ósamræmið má nefna að í svari forsætisráðherra við fyrirspurn þingmannsins er getið um 12 m.kr. greiðslur fjármálaráðuneytisins til Háskóla Íslands vegna aðkeyptrar þjónustu, ráðgjafar og sérverkefna. Ríkisendurskoðun getur staðfest að önnur ráðuneyti greiddu Háskóla Íslands fyrir þjónustu, ráðgjöf og sérverkefni á sama tímabili. Þeirra á meðal er forsætisráðuneytið. Þessara greiðslna er ekki getið í svari forsætisráðherra.³ Ríkisendurskoðun telur fyrirspurn þingmannsins ekki taka til slíkra greiðslna. Því var rétt af öðrum ráðuneytum en fjármálaráðuneytinu að tiltaka

³ Í beiðni forsætisnefndar til Ríkisendurskoðunar er ekki óskað eftir upplýsingum um þessar greiðslur heldur aðeins greiðslur til starfsmanna og félaga þeirra og því hefur Ríkisendurskoðun ekki unnið greiningu á þeim fyrrnefndu.

þær ekki. Í svari forsætisráðherra hefði því ekki átt að gera grein fyrir þessum greiðslum fjármálaráðuneytisins.

Loks má nefna til viðbótar við þau dæmi sem þegar hafa verið nefnd um ósamræmi upplýsinga í svari forsætisráðherra að sumar greiðslur eru þar tilgreindar með virðisaukaskatti en aðrar án hans.

3 GREIÐSLUR UTAN AFMÖRKUNAR Í SVARI FORSÆTISRÁÐHERRA

Eins og áður hefur komið fram taldi forsætisráðuneytið verulegum annmörkum háð að afla upplýsinga um greiðslur til félaga í eigu starfsmanna félagsvísindasviðs Háskóla Íslands og gerði það því ekki. Ríkisendurskoðun telur alveg ljóst að þessara greiðslna bar að geta í svari forsætisráðherra enda sérstaklega um þær spurt.

Ríkisendurskoðun tók út lista yfir öll viðskipti ráðuneyta við félög í eigu fastra starfsmanna félagsvísindasviðs og óskaði eftir skýringum frá ráðuneytunum vegna þeirra. Í eftirfarandi töflu er að finna upplýsingar um viðskiptin. Rétt er að setja þann fyrirvara við töfluna að í nokkrum tilvikum hefur ekki tekist að einangra hlut tilgreinds starfsmanns í heildargreiðslu fyrir verkefni, þótt ljóst sé að hann hafi haft einhverja og jafnvel verulega aðkomu að því. Þessi tilvik eru sérmerkt.

EKKI ÁVALLT UNNT AÐ EINANGRA HLUT TILGREINDS STARFSMANNNS

3.1 Greiðslur ráðuneyta til félaga í eigu starfsmanna félagsvísindasviðs HÍ (kr. með vsk.)

RÁÐUNEYTI	NAFN STARFSMANNNS	NAFN FÉLAGS	VERKEFNI	FJÁRHÆÐ	ÁR
FORSETISRÁÐUNEYTI					
	TRAUSTI FANNAR VALSSON	G&T EHF.	VINNA VEGNA STARFSHÓPS UM VIÐBRÖGD STJÓRNSÝSLUNNAR VIÐ SKÝRSLU RANNSÓKNARNEFNDAR ALPINGIS.	803.200	2010
	TRAUSTI FANNAR VALSSON	G&T EHF.	RÁÐGJÖF VEGNA STARFA NEFNDAR UM ORKU- OG AUÐLINDAMÁL	169.425	2010
	RAGNAR ÁRNASON	HAGRANNS. OG RÁÐGJÖF EHF.	RANNSÓKN TEKJUDREIFINGAR, SKATTBYRÐI OG FÁTÆKT	3.000.000	2007
	KARL AXELSSON	LEX EHF.	NEFND UM ÞJÓÐLENDUR	3.183.297	2009-10
	KARL AXELSSON	LEX EHF.	FRUMVARP VEGNA EFTIRLAUNA	670.447	2007-08
	KARL AXELSSON	LEX EHF.	RÁÐGJÖF VEGNA VATNALAGA	191.232	2008
	KARL AXELSSON	LEX EHF.	LÖGFRÆÐILEG AÐSTOÐ VEGNA FJÖLMIDLALAGA	1.419.346	2009
MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTI					
	ÞÓRHALLUR Ö.	THOR EHF.	NÁMSKEIÐ Í ÞJÓNUSTUSTJÓRNUN	31.125	2008
	GUDLAUGSSON				
	KARL AXELSSON	LEX EHF.	VINNA VIÐ FJÖLMIDLATILSKIPUN OG FJÖLMIDLAFRUMVARP	10.236.576	2008-10
UTANRÍKISRÁÐUNEYTI					
	EIRÍKUR TÓMASSON	PL OG ET LÖGFR.RÁÐGJ. EHF.	LÖGFRÆÐILEG RÁÐGJÖF VIÐ BREYTINGAR Á VARNARMÁLALÖGUM	94.125	2010
	SILJA BÁRA ÓMARSÓTTIR	UT VIL EK EHF.	ERINDI Á UNDIRBÚNINGSFUNDI VEGNA CSW-FUNDAR	40.000	2008
	SILJA BÁRA ÓMARSÓTTIR	UT VIL EK EHF.	NÁMSKEIÐ Í SAMNINGATÆKNI FYRIR KONUR	100.000	2008
	KARL AXELSSON	LEX EHF.	VERKEFNI Í TENGSLUM VIÐ LAND STAPAFELLS, YTRI-NJARÐVÍK	5.976	2008
SJÁVARÚTVEGS- OG LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTI					
	KARL AXELSSON	LEX EHF.	ENDURSKOÐUNARNEFND Í SJÁVARÚTVEGI	3.038.553	2010
	KARL AXELSSON	LEX EHF.	VATNSRÉTTINDI, KLAUSTURSEL	268.296	2007
	KARL AXELSSON	LEX EHF.	FRUMVARP TIL JARÐALAGA	304.916	2009
	KARL AXELSSON	LEX EHF.	FRUMVARP UM BREYTINGU Á LÖGUM UM LAX- OG SILUNGSVEIÐI	41.000	2009
	KARL AXELSSON	LEX EHF.	KOLLAFOSS, DÓMSMÁL	21.072	2008
	KARL AXELSSON	LEX EHF.	SAMRÁÐSNEFND UM FRAMKVÆMD LAGA UM LAX- OG SILUNGSVEIÐI	485.746	2007-08
	KARL AXELSSON	LEX EHF.	GREINING VEGNA ÁLITS MANNRÉTTINDANEFNDAR SP	1.062.251	2008
	KARL AXELSSON	LEX EHF.	UNDIRBÚNINGUR MÁLSVARNAR FYRIR MANNRÉTTINDADÓMSTÓLI	1.271.970	2008
	KARL AXELSSON	LEX EHF.	BREYTINGAR Á LÖGUM UM STJÓRN FISKVEIÐA	235.170	2008
DÓMSMÁLA- OG MANNRÉTTINDARÁÐUNEYTI					
	EYVINDUR G. GUNNARSSON	EYVINDUR G. GUNNARSS. SLF.	LÖGFRÆÐILEG RÁÐGJÖF VEGNA LÚGANÓ SAMNINGSINS	37.350	2009
	EYVINDUR G. GUNNARSSON	EYVINDUR G. GUNNARSS. SLF.	KENNSLA Á NÁMSKEIÐI TIL FÖLUNAR LÖGMANNSRÉTTINDA	1.041.500	2008-10
FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTI					
	LÁRA V. JÚLÍUSDÓTTIR	LÁRA V. JÚLÍUSD. HRL. EHF.	FORMENNSKA Í RÁÐGJ.NEFND UM JÖFN LAUN KARLA OG KVENNA	660.075	2007-08
	LÁRA V. JÚLÍUSDÓTTIR	LÁRA V. JÚLÍUSD. HRL. EHF.	RÁÐGJAFARHÓPUR UM JAFNLAUNAMÁL	610.050	2008
	LÁRA V. JÚLÍUSDÓTTIR	LÁRA V. JÚLÍUSD. HRL. EHF.	LÖGFRÆÐIADSTOÐ VIÐ STARFSMENN TR VEGNA SÍ	289.463	2008

HEILBRIGÐISRÁÐUNEYTI				
SILJA BÁRA ÓMARSDÓTTIR	UT VIL EK EHF.	ERINDI UM KYNJADA HAGSTJÓRN	10.000	2010
RAGNAR ÁRNASON	HAGRANNS. OG RÁÐGJÖF EHF.	GERÐ SPÁR UM ÞRÖUN HEILBRIGÐISÚTGJALDA	622.500	2007
FJÁRMÁLARÁÐUNEYTI				
SILJA BÁRA ÓMARSDÓTTIR	UT VIL EK EHF.	ERINDI Á MÁLFUNDI UM KYNJADA HAGSTJÓRN	30.000	2010
RAGNAR ÁRNASON	HAGRANNS. OG RÁÐGJÖF EHF.	ÚTTEKT OG SKÝRSLUR UM ÞJÓÐHAGSLEG ÁHRIF AF KOSTUM VARDANDI ÍCESAVE REIKNINGA	407.875	2010
KARL AXELSSON	LEX EHF.	DÓMSMÁL, VEIÐIFÉLAG MIÐFIRÐINGA	2.446	2007
KARL AXELSSON	LEX EHF.	SÉRVERKEFNI FYRIR RÁÐHERRA	319.707	2008-09
KARL AXELSSON	LEX EHF.	EFNISTAKA ÚR STAPAFELLI	56.959	2008
KARL AXELSSON	LEX EHF.	LÖGFRÆÐILEG RÁÐGJÖF VIÐ UNDIRBÚNING SVARS TIL UMBOÐSMANNS ALÞINGIS	209.160	2008
KARL AXELSSON	LEX EHF.	ÁLITSGERÐ – RAFORKUSKATTAR OG FJÁRFESTINGASAMNINGAR	38.284	2009
KARL AXELSSON	LEX EHF.	RÁÐGJÖF VEGNA GENGISDÓMA	355.793	2010
SAMGÖNGU- OG SVEITARSTJÓRNARRÁÐUNEYTI				
TRAUSTI FANNAR VALSSON	G&T EHF.	VINNA VIÐ UNDIRB. LAGAFR.V. UM BREYTINGAR Á SV.STJ.LÖGUM	3.711.268	2009-10
IDNAÐARRÁÐUNEYTI				
RUNÓLFUR S. STEINÞÓRSSON	RSS EHF.	VINNA VIÐ MÓTUN OG FRAMSETNINGU HEILDARORKUSTEFNU	435.750	2007
KARL AXELSSON	LEX EHF.	BREYTINGAR Á LÖGUM Á AUBLINDA- OG ORKUSVIÐI	195.191	2007
EYVINDUR G. GUNNARSSON	EYVINDUR G. GUNNARSS. SLF.	VINNA VEGNA REGLUGERÐAR UM SAFNSKRÁNINGU FJÁRMÁLAGERNINGA	444.465	2008
EYVINDUR G. GUNNARSSON	EYVINDUR G. GUNNARSS. SLF.	MINNISBLÖÐ UM HLUATAFÉLAGALÖG OG DÓM HÆSTARÉTTAR UM GENGISTRÝGGÐ LÁN	188.250	2010
UMHVERFISRÁÐUNEYTI				
KARL AXELSSON	LEX EHF.	GERÐ ÁLITSGERÐAR VARDANDI KÆRU VEGNA ÚRSKURÐAR SKIPULAGSSTOFNUNAR UM SUÐVESTURLÍNU	103.178	2009

Athugun Ríkisendurskoðunar leiðir í ljós að greiðslur til félaga í eigu starfsmanna félagsvísindasviðs Háskóla Íslands á tímabilinu voru um 37 m.kr. Til samanburðar voru heildargreiðslur í svari forsætisráðherra 65 m.kr. og þar af námu greiðslur til Háskóla Íslands 12 m.kr.

4 VIÐBÓTARGREIÐSLUR Í BEIÐNI FORSÆTISNEFNDAR

Eins og fram kemur í inngangi telur Ríkisendurskoðun beiðni forsætisnefndar nokkuð ítarlegri en fyrirspurn þingmannsins. Munurinn liggur í því að í beiðninni er sérstaklega tilgreint að veita skuli upplýsingar um greiðslur fyrir tímabundin störf.

Ríkisendurskoðun hefur aflað upplýsinga um allar greiðslur til starfsmanna félagsvísindasviðs Háskóla Íslands á tímabilinu maí 2007 til nóvember 2010.

Í 5. gr. upplýsingalaga nr. 50/1996 segir að óheimilt sé að veita almenningi aðgang að gögnum um einka- og fjárhagsmálefni einstaklinga sem sanngjarnt er og eðlilegt að leynt fari, nema sá samþykki sem í hlut á. Í úrskurði úrskurðarnefndar um upplýsingamál nr. A-288/2008 o.fl. þar sem óskað var ítarlegra upplýsinga um laun opinbers starfsmanns, segir m.a.:

Samkvæmt skýrri og fastmótaðri framkvæmd á upplýsingalögum, sem jafnframt á sér stoð í athugasemdum sem fylgdu umræddri grein í frumvarpi til upplýsingalaga, hafa 3. og 5. gr. laganna verið skýrðar svo að sé óskað aðgangs að gögnum um laun opinberra starfsmanna skuli veita aðgang að fyrirliggjandi gögnum þar sem fram komi föst launakjör viðkomandi starfsmanna. Þá skuli einnig veita aðgang að einstaklingsbundnum ráðningarsamningum eða öðrum ákvörðunum eða samningum um föst launakjör þeirra. Á hinn bóginn er, vegna ákvæðis 1. másl. 5. gr. upplýsingalaga, óheimilt að veita aðgang að upplýsingum um heildarlaun opinbers starfsmanns, hvort sem laun hans eru hærri en föst laun og kjör sem stöðu hans fylgja, t.d. vegna unninnar yfirvinnu eða vegna frádráttar sökum fjarvista eða annarra atvika. Vísast hér meðal annars til úrskurða úrskurðarnefndar um upplýsingamál nr. A-214/2005, A-183/2004, A-68/1997, A-27/1997 og A-10/1997. Jafnframt vísast til álits umboðsmanns Alþingis í máli nr. 5103/2007.

Í ljósi þessa telur Ríkisendurskoðun sig skorta heimildir til að greina nákvæmlega frá launagreiðslum ráðuneyta til starfsmannanna í opinberri skýrslu. Tafla 4.1 sýnir þó heildarlaunagreiðslur ráðuneyta til starfsmanna félagsvísindasviðs Háskóla Íslands fyrir tímabundin störf á fyrrgreindu tímabili. Ástæða er til að taka fram að taflan tekur m.a. til einstaklinga sem ekki voru samtímis í tímabundu starfi hjá ráðuneyti og í föstu starfi hjá félagsvísindasviði Háskóla Íslands. Jafnframt koma fram í henni upplýsingar sem voru birtar í svari forsætisráðherra við fyrirspurn þingmannsins, þ.e. um 10 m.kr. eru tvíteknar í töflunni og í svarinu.

4.1 Launagreiðslur ráðuneyta til starfsmanna félagsvísindasviðs HÍ (kr.)			
RÁÐUNEYTI	FJÖLDI STARFSMANNA	HÆSTA GREIÐSLA	HEILDARGREIÐSLUR
FORSÆTISRÁÐUNEYTI	2	2.830.520	3.039.770
MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTI	1	35.000	35.000
ÚTANRÍKISRÁÐUNEYTI	1	3.994.158	3.994.158
SJÁVARÚTVEGS- OG LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTI	1	450.491	450.491
DÓMSMÁLA- OG MANNRÉTTINDARÁÐUNEYTI	13	14.692.402	27.544.600
FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTI	6	3.186.622	5.643.552
HEILBRIGÐISRÁÐUNEYTI	1	8.394.246	8.394.246
FJÁRMÁLARÁÐUNEYTI	2	2.169.300	2.192.115
UMHVERFISRÁÐUNEYTI	1	46.872	46.872
ÖLL RÁÐUNEYTI	46	14.692.402	51.340.804

Samkvæmt upplýsingum frá fjármálaráðuneytinu eru engar reglur, leiðbeiningar eða viðmið í gildi varðandi flokkun greiðslna eða þóknana til ríkisstarfsmanna fyrir sérumbæðna sérfræðiþjónustu, þ.e. hvort og hvenær þær teljast laun og hvenær aðkeypt þjónusta. Að mati Ríkisendurskoðunar er nauðsynlegt að um þetta verði settar skýrar reglur hið fyrsta. Núverandi formleysi gerir m.a. að verkum að ekki er hægt að veita fullnægjandi upplýsingar um heildargreiðslur til verktaka.

**SETJA ÞARF REGLUR
UM FLOKKUN
GREIÐSLSNA**

Til viðbótar við þessar greiðslur þykir Ríkisendurskoðun rétt að gera grein fyrir nefndarlaunagreiðslum ráðuneytanna til umræddra starfsmanna. Eftirfarandi tafla tekur til slíkra greiðslna og er byggð upp á sama hátt og tafla 4.1. Aftur er rétt að setja þann fyrirvara við töfluna að hún tekur til einstaklinga sem voru fastir starfsmenn félagsvísindasviðs Háskóla Íslands í nóvember 2010, en gætu hafa verið í fullu tímabundnu starfi hjá ráðuneyti einhvern tíma á tímabilinu. Eins koma fram í henni upplýsingar sem þegar hafa verið birtar í svari forsætisráðherra, þ.e. um 18 m.kr. eru tvítæknar í töflunni og í svarinu. Það sýnir að mati Ríkisendurskoðunar hversu óljós skilin á milli nefndarlauna, tímabundinna starfa og greiðslna fyrir aðkeypta þjónustu, ráðgjöf og sérverkefni geta verið.

4.2 Nefndarlaunagreiðslur ráðuneyta til starfsmanna félagsvísindasviðs HÍ (kr.)			
RÁÐUNEYTI	FJÖLDI STARFSMANNA	HÆSTA GREIÐSLA	HEILDARGREIÐSLUR
FORSÆTISRÁÐUNEYTI	10	4.043.130	7.257.587
MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTI	8	2.373.607	3.776.691
ÚTANRÍKISRÁÐUNEYTI	6	2.400.000	4.003.481
DÓMSMÁLA- OG MANNRÉTTINDARÁÐUNEYTI	6	5.558.842	10.472.298
FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTI	7	1.950.284	2.697.147
HEILBRIGÐISRÁÐUNEYTI	2	1.236.254	1.353.434
FJÁRMÁLARÁÐUNEYTI	6	9.715.700	11.569.520
SAMGÖNGURÁÐUNEYTI	1	610.000	610.000
VIÐSKIPTARÁÐUNEYTI	8	2.268.870	9.625.004
UMHVERFISRÁÐUNEYTI	2	554.330	668.162
ÖLL RÁÐUNEYTI	56	9.715.700	52.033.324

5 VIÐAUKI 1

VIÐBRÖGD FORSÆTISRÁÐUNEYTISINS VIÐ SKÝRSLU RÍKISENDURSKOÐUNAR UM GREIÐSLUR RÁÐUNEYTA TIL STARFSMANNA FÉLAGSVÍSINDASVIÐS HÁSKÓLA ÍSLANDS

INNGANGUR

Forsætisráðuneytið telur nauðsynlegt að koma á framfæri eftirfarandi skýringum og athugasemdum við efni skýrslu Ríkisendurskoðunar um greiðslur ráðuneyta til starfsmanna félagsvísindasviðs Háskóla Íslands útg. í júní 2011:

- FORSÆTISRÁÐUNEYTIÐ FAGNAR ÞVÍ AÐ FRAM KOMI MEÐ SKÝRUM HÆTTI Á BLS. 4 OG [13] Í SKÝRSLUNNI AÐ RÍKISENDURSKOÐUN HEFUR ENGA ÁSTÆÐU TIL ÞESS AÐ ÆTLA AÐ UPPLÝSINGUM HAFI VÍSVITANDI VERIÐ LEYNT MEÐ SVARI FORSÆTISRÁÐHERRA.
- FORSÆTISRÁÐUNEYTIÐ BENDIR Á AÐ FYRIRSPURNIN VAR ÞRÍVEGIS PRENTUÐ UPP OG HENNI BREYTT, SEM ER MJÖG ÓVENJULEGT OG JÓK VERULEGA HÆTTU Á AÐ VILLUR KÆMU UPP VIÐ VINNSLU SVARSINS.
- FORSÆTISRÁÐUNEYTIÐ FELLST Á AÐ RÉTT HEFÐI VERIÐ AÐ SETJA FRAM Í SKRIFLEGU SVARI FYRIRVARA UM AFMÖRKUN SVARSINS VARÐANDI FÉLÖG, EN TELUR AÐ ÚTILOKAÐ HEFÐI VERIÐ AÐ AFLA UPPLÝSINGA ÞAR AÐ LÚTANDI INNAN ÞESS FRESTS SEM GEFINN ER SAMKVÆMT LÖGUM TIL ÞESS AÐ SVARA SKRIFLEGUM FYRIRSPURNUM. ÞÖRF VAR Á FLÓKINNI UPPLÝSINGAÖFLUN FRÁ UTANADKOMANDI AÐILUM OG RANNSÓKN SEM EKKI HEFÐI VERIÐ UNNT AÐ VINNA NEMA Á MUN LENGRI TÍMA.
- FORSÆTISRÁÐUNEYTIÐ HAFNAR ÞVÍ AÐ RÁÐUNEYTI INNAN STJÓRNARRÁÐS ÍSLANDS HAFI EKKI NÆGILEGA YFIRSÝN YFIR AÐKEYPTA ÞJÓNUSTU. HINS VEGAR FELLST RÁÐUNEYTIÐ Á AÐ FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ ÞURFI AÐ SETJA SAMRÆMDAR REGLUR UM NOTKUN LAUNAKERFISINS.
- BEIÐNI FORSÆTISNEFNDAR ALÞINGIS, SEM LIGGUR TIL GRUNDVALLAR SKÝRSLU RÍKISENDURSKOÐUNAR, ER ÍTARLEGRI EN FYRIRSPURN ÞINGMANNSINS TIL FORSÆTISRÁÐHERRA, ÞAR SEM EKKI VAR HÆGT AÐ LESA ÚT ÚR FYRIRSPURNINNI AÐ ÓSKAÐ VÆRI UPPLÝSINGA UM TÍMABUNDIN STÖRF EÐA NEFNDALAUN.
- FORSÆTISRÁÐUNEYTIÐ BENDIR ÞVÍ Á AÐ 4. KAFLI SKÝRSLUNNAR UM VIÐBÓTARBEIÐNI FORSÆTISNEFNDAR ER Í RAUN ÓHÁÐUR ÞVÍ ÁLITAEFNI HVORT FORSÆTISRÁÐUNEYTIÐ HAFI SVARAÐ UPPHAFLEGRI FYRIRSPURN MEÐ FULLNÆGJANDI HÆTTI.
- FORSÆTISRÁÐUNEYTIÐ VILL, ÞRÁTT FYRIR AÐ UM SÉ AÐ RÆÐA VIÐBÓTARUPPLÝSINGAR ÓHÁÐAR UPPHAFLEGU SVARI RÁÐUNEYTISINS, BENDA Á AÐ FRAMSETNING Í TÖFLU 4.1 OG 4.2 UM TÍMABUNDIN STÖRF OG NEFNDALAUN GETUR GEFIÐ VILLANDI MYND. RÁÐUNEYTIÐ TELUR AÐ ÞAR SÉU Í RAUN AÐ HLUTA TIL TILTEKNAR GREIÐSLUR SEM SÉU UTAN BEIÐNI FORSÆTISNEFNDAR ALÞINGIS. ER ÞARNA M.A. BLANDAÐ SAMAN VIÐ GREIÐSLUM TIL STARFSMANNA SEM VORU Í 100% STARFI Í RÁÐUNEYTIUM OG VORU EKKI STARFSMENN FÉLAGSVÍSINDASVIÐS HÁSKÓLA ÍSLANDS Á SAMA TÍMA. ÞÁ LIGGJA TIL GRUNDVALLAR TÖFLUNUM GREIÐSLUR SEM KOMU FRAM Í

SKRIFLEGU SVARI FORSÆTISRÁÐHERRA OG ERU ÞVÍ TVÍTEKNAR Í SKÝRSLUNNI, SEM GERIR TÖLULEGAN SAMANBURÐ EINNIG FLÓKINN. MIKILVÆGT ER AÐ TAKA TILLIT TIL ÞESSA ÞAR SEM HÉR ER UM UMTALSVERÐAR FJÁRHÆÐIR AÐ RÆÐA.

- FORSÆTISRÁÐUNEYTIÐ TELUR MIKILVÆGT AÐ ALÞINGI OG STJÓRNARRÁÐIÐ EIGI Á NÆSTU MÁNUÐUM SAMRÁÐ UM BREYTT VINNUBRÖGÐ VIÐ VINNSLU FYRIRSPURNA OG SVARA VIÐ ÞEIM.

Eftirfarandi eru skýringar og athugasemdir við skýrsluna og þær ábendingar sem þar koma fram.

ÁBENDING 1 AF HÁLFU RÍKISENDURSKOÐUNAR

Skilning ráðuneyta á efni fyrirspurna þarf að samræma

Forsætisráðuneytið áréttar að skilningur ráðuneyta á efni fyrirspurnarinnar var samræmdur í öllum meginatriðum. Það var samræmdur skilningur ráðuneyta að afmarka bæri efni fyrirspurnarinnar við fastráðna starfsmenn félagsvísindasviðs Háskóla Íslands. Þannig var kennitölulisti sem forsætisráðuneytið fékk sendan frá Háskóla Íslands og notaður var í öllum ráðuneytum við vinnslu svarsins afmarkaður við þann hóp. Það var einnig sameiginlegur skilningur ráðuneyta að í þingfyrirspurninni væri einungis spurt um greiðslur vegna aðkeyptrar sérfræðiþjónustu, en hvorki greiðslur til einstaklinga sem væru eða hefðu verið í ráðningarsambandi við ráðuneyti né nefndapóknanir. Þá var það loks samræmd afstaða ráðuneyta að ekki væri unnt að veita upplýsingar um greiðslur til félaga sem umræddir einstaklingar ættu hlut í, enda væru ekki fyrirliggjandi upplýsingar í ráðuneytum um hvaða félög þar væri um ræða. Það er því afstaða forsætisráðuneytisins að skilningur ráðuneyta á efni fyrirspurnarinnar hafi í öllum aðalatriðum verið samræmdur. Þótt unnt sé að benda á einstök dæmi þess að svör ráðuneyta hafi ekki verið í fullu samræmi við þessa afmörkun, m.a. þannig að veittar voru ítarlegri upplýsingar en óskað var eftir, þá telur forsætisráðuneytið að það hafi sinnt samræmingarhlutverki sínu að því marki sem eðlilegt var og ráðuneytið hafði tök á. Forsætisráðuneytið áréttar í þessu sambandi jafnframt að það endurskoðaði ekki svör einstakra ráðuneyta, enda hafði það ekki upplýsingar, tæki eða efnislegar forsendur til þess.

ÁBENDING 2 AF HÁLFU RÍKISENDURSKOÐUNAR

Forsætisráðuneytið þarf að hafa nauðsynlegar upplýsingar

Það hefur verið grundvallarafstaða forsætisráðuneytisins að í þeim tilvikum þar sem þingfyrirspurnum er beint til forsætisráðherra og þær varða öll ráðuneyti þá sé það fyrst og fremst hlutverk ráðuneytisins að hafa milligöngu um að safna svörum ráðuneyta saman og birta þau með heildstæðum hætti í svari til Alþingis. Forsætisráðuneytið og Stjórnarráðið hefur litið svo á að hér væri um að ræða þjónustu við þingmenn og Alþingi þannig að heildstætt svar kæmi fram á einu þingskjali í stað 10, væri fyrirspurnum beint til allra ráðuneyta. Forsætisráðuneytið lítur með öðrum orðum svo á að svör einstakra ráðuneyta séu á ábyrgð þeirra sjálfra. Forsætisráðuneytið hefur eins og áður hefur komið fram ekki aðgangsheimild að bókhaldskerfum annarra ráðuneyta og þar með ekki forsendur til að endurskoða upplýsingar sem þau veita um fjárhagsleg málefni. Vakinn er athygli á því að aðeins eru tveir aðilar innan ríkiskerfisins sem hafa slíkar heimildir og eftirlitshlutverk, en það er annars vegar Ríkisendurskoðun og hins vegar fjármálaráðuneytið. Í því samhengi skal

einnig bent á að Fjársýsla ríkisins, sem er undirstofnun fjármálaráðuneytisins, veitti forsætisráðuneytinu ekki aðgang að þeim fjárhagsupplýsingum sem sneru að öðrum ráðuneytum en því sjálfu. Sé fallist á þá afstöðu Ríkisendurskoðunar, sem sett er fram í þessari ábendingu, þarf að endurskoða það fyrirkomulag að forsætisráðuneytið taki að sér safna saman upplýsingum og svara þingfyrirspurnum af því tagi sem hér um ræðir og meta hvort koma megi á nýju og breyttu verklagi við framsetningu þingmanna á fyrirspurnum sem ná þvert á ráðuneyti.

ÁBENDING 3 AF HÁLFU RÍKISENDURSKOÐUNAR

Bæta þarf yfirsýn ráðuneyta yfir aðkeypta þjónustu

Eins og rakið er í almennum athugasemdum forsætisráðuneytisins síðar í skýrslunni áttu þau vandkvæði sem upp komu við vinnslu svars við fyrirspurninni flest, fyrir utan vandkvæði vegna ítrekaðra breytinga á fyrirspurn, rætur að rekja til þeirrar staðreyndar að spurt var um greiðslur vegna aðkeyptrar sérfræðiþjónustu til hóps einstaklinga sem ráðuneytið hafði ekki upplýsingar um hverjir væru og því síður í hvaða hlutafélögum eða sameignarfélögum þeir ættu eða hefðu átt hlut í. Forsætisráðuneytið hafnar því að ráðuneyti innan Stjórnarráðsins hafi ekki yfirsýn yfir verkefni sem unnin eru á þeirra vegum. Þvert á móti telur forsætisráðuneytið óhætt að fullyrða að ráðuneyti hafi almennt góða yfirsýn yfir þau verkefni sem þau láta vinna fyrir sig, óháð því hvort samið er við einstaklinga eða félög um vinnslu þeirra. Í því samhengi sem ábending Ríkisendurskoðunar er sett fram má ætla að það sé afstaða stofnunarinnar að í hvert skipti sem samið sé við einstakling um aðkeypta þjónustu eigi að krefjast þess að viðkomandi veiti ráðuneyti tæmandi upplýsingar um eign hans í einstökum félögum hverju nafni sem þau kunna að nefnast og með sama hætti eigi að krefjast þess, þegar samið er við félag, að það veiti upplýsingar um alla hluthafa þess, bæði einstaklinga og félög. Vandséð er hvaða tilgangi slíkt verklag og upplýsingasöfnun gæti þjónað nema ef vera skyldi til að unnt væri að svara þingfyrirspurnum af því tagi sem hér er til umfjöllunar. Hyggist Ríkisendurskoðun gera kröfu um slíkt verklag í framtíðinni þá er mikilvægt að fram komi og fyrir liggi nákvæmar leiðbeiningar um þetta efni, sem kynntar verði öllum ráðuneytum og ríkisstofnunum.

ÁBENDING 4 AF HÁLFU RÍKISENDURSKOÐUNAR

Setja þarf reglur um notkun launakerfis

Forsætisráðuneytið gerir ekki athugasemd við þessa ábendingu Ríkisendurskoðunar.

Auk [þessara atriða] vill ráðuneytið koma eftirfarandi á framfæri:

ALMENNAR ATHUGASEMDIR

Eins og fram kemur í inngangskafli í skýrslu Ríkisendurskoðunar er skýrslan unnin samkvæmt ósk forsætisnefndar Alþingis, en að beiðni Guðlaugs Þórs Þórðarsonar, alþingismanns, og er tilefni hennar svar forsætisráðherra við þingfyrirspurn alþingismannsins. Eins og skýrt kemur fram í skýrslunni var beiðni forsætisnefndar til Ríkisendurskoðunar efnislega nokkuð ítarlegri en sú þingfyrirspurn sem þó er tilefni skýrslugerðarinnar og telur forsætisráðuneytið mikilvægt að það sé haft í huga við lestur skýrslunnar.

Ljóst er að ýmis vandkvæði komu upp við vinnslu svars við fyrirspurninni. Þessi vandkvæði lutu annars vegar að því að efni fyrirspurnarinnar var breytt þrívægis af hálfu þingmannsins á vinnslutíma svarsins, sem er mjög óvenjulegt. Forsætisráðuneytinu er ekki kunnugt um fordæmi fyrir slíku þegar um svo flókna fyrirspurn sem hér um ræðir er að ræða. Ráðuneytin fengu því alls fjórar mismunandi útgáfur af fyrirspurninni til úrvinnslu, sem jók mjög hættuna á því að einhver mistök ættu sér stað við vinnslu og lokafrágang svars.

Hins vegar var fyrirspurnin mjög óvenjuleg að því leyti að hún beindist að hópi einstaklinga sem ráðuneytin höfðu ekki upplýsingar um hverjir væru og félagi í eigu þeirra, sem ráðuneytin höfðu enn síður upplýsingar um hver væru. Ráðuneytin voru því háð upplýsingagjöf frá utanaðkomandi aðilum við vinnslu svars við fyrirspurninni. Brugðist var við þessu með því að óska eftir kennitölulista frá Háskóla Íslands yfir fasta starfsmenn félagsvísindasviðs. Til að afla upplýsinga um félög í eigu viðkomandi starfsmanna hefði í framhaldi af því þurft að óska eftir samkeyrslu á umræddum kennitölulista og hlutafélagaskrá og skrá yfir sameignarfélög. Eins og lýst er í skýrslunni taldi forsætisráðuneytið hins vegar ekki rétt, með hliðsjón af þeim þrönga tímafresti, 10 virkum dögum, sem ráðuneytum er gefinn í lögum um þingsköp Alþingis, að óska eftir slíkri samkeyrslu, enda lá þá jafnframt ljóst fyrir að ekki væri unnt að birta niðurstöður úr slíkri samkeyrslu nema rannsaka það jafnframt í hverju tilviki hvort viðkomandi starfsmaður hefði í reynd veitt þá aðkeyptu þjónustu sem samningur við viðkomandi félag kvað á um. Ljóst er að þessi upplýsingaöflun og rannsókn hefði seinkað því umtalsvert að unnt hefði verið að veita svar við fyrirspurninni. Forsætisráðuneytið bendir á, að þrátt fyrir að ekki hafi verið ráðist í umrædda rannsókn urðu nokkrar tafir á því að unnt væri að veita svar við fyrirspurninni, en það liðu 15 virkir dagar frá því að endanleg útgáfa af fyrirspurninni lá fyrir og þar til svar ráðuneytisins var birt á Alþingi og skýrist það af umfangi fyrirspurnarinnar og því flækjustigi sem við var að etja.

Til samanburðar og til vitnis um umfang fyrirspurnarinnar má benda á að það hefur nú tekið Ríkisendurskoðun, sem er sérhæfð eftirlitsstofnun á þessu sviði, rúmlega hálf tveggja ár að endurskoða svör ráðuneytanna. Þessi skýrsla staðfestir í raun að fyrirspurnin hefði í upphafi átt að vera í formi beiðni um skýrslu en ekki í formi þingfyrirspurnar með 10 virkra daga skilafresti.

Forsætisráðuneytið viðurkennir hins vegar að það voru mistök í framsetningu af þess hálfu að gera ekki fyrirvara og útskýra í svarinu af hverju greiðslur til félaga í eigu umræddra einstaklinga væru ekki tilgreindar í svarinu. Að sama skapi má fallast á það með Ríkisendurskoðun að það hefði verið skýrara að setja inn fyrirvara í svarið um aðra afmörkun á efni fyrirspurnarinnar sem lögð var til grundvallar, sbr. athugasemdir ráðuneytisins við ábendingu 1, jafnvel þótt hún teldist eðlileg og augljós.

Ráðuneytið telur að fullnægjandi skýringar hafi komið fram á því af hverju nokkrar greiðslur voru undanskildar í svari forsætisráðherra sbr. tafla 2.2 og er það í samræmi við það sem Ríkisendurskoðun staðfestir á tveimur stöðum í skýrslunni að embættið hafi enga ástæðu til þess að ætla að upplýsingum hafi vísitandi verið leynt í svarinu.

Þá telur ráðuneytið að hugsanlega hefði átt að undanskilja í svari fjármálaráðuneytisins 12 m. kr. greiðslur fjármálaráðuneytisins til Háskóla Íslands, sem ekki eru tengdar einstökum starfsmönnum félagsvísindasviðs, enda liggur ekki fyrir með fullnægjandi hætti hvaða starfsmenn unnu viðkomandi verkefni né í hvaða umfangi. Forsætisráðuneytið byggði hins vegar eins og fyrr segir á afmörkun og greiningarvinnu fjármálaráðuneytisins hvað það ráðuneyti varðaði á sama hátt og það byggði á greiningarvinnu annarra ráðuneyta að þessu leyti.

Fram kemur í skýrslunni: „Ríkisendurskoðun lítur svo á að beiðni forsætisnefndar sé nokkuð ítarlegri en fyrirspurn þingmannsins þar sem ekki er hægt að lesa út úr fyrirspurninni að óskað sé upplýsinga um tímabundin störf eða nefndarlaun.“

Í þessu samhengi vill ráðuneytið vekja athygli á mikilvægi þess að framsetning þingfyrirspurna og upplýsingabeiðna sé ávallt skýr og vönduð til að draga megi úr hættu á að villur komi upp við öflun, úrvinnslu og framsetningu upplýsinga.

Þá telur ráðuneytið að fullt tilefni sé til þess að skoða hvort ástæða sé til þess að Alþingi efli faglegan stuðning og aðstoð til þingmanna við afmörkun og skilgreiningar á hugtökum í fyrirspurnum almennt, þannig að lágmarka megi kostnað, tíma og/eða viðbótarfjárbörf við úrvinnslu þeirra, og greini betur en nú er gert í upphafi umfang þeirra.

Jafnframt hefur skrifstofa Alþingis staðfest í samskiptum við Stjórnarráðið að eðlilegt sé að ráðuneyti vinni skrifleg svör að því marki sem unnt er innan 10 virkra daga og sendi að þeim tíma liðnum einungis þær upplýsingar sem tekist hefur að vinna innan frestsins, enda þótt þær svari ekki fyrirspurn að fullu. Eðlilegt sé að þingmenn beini í framtíðinni umfangsmeiri fyrirspurnum til ráðherra í formi skýrslubeiðni. Forsætisráðuneytið tekur undir þennan skilning skrifstofu Alþingis en tekur fram að frestur til að skila skriflegum fyrirspurnum hefur nú verið lengdur í 15 daga í nýsamþykktum breytingum Alþingis á þingskapalögum.

Beiðni forsætisnefndar til Ríkisendurskoðunar um skýrslugerð þessa fjallar um að stofnunin fari yfir svör ráðuneytanna við fyrirspurn þingmannsins og því fjallar Ríkisendurskoðun ekki með beinum hætti um verklag hjá Alþingi við framsetningu fyrirspurna né setur fram ábendingar til þingsins hvað þetta varðar, þó það kunni að hafa verið tilefni til slíks. Á það er að vísu bent af hálfu Ríkisendurskoðunar að það kunni að hafa haft áhrif og aukið villuhættu að fyrirspurnin var prentuð upp þrisvar, þ.e. að forsendur breyttust eftir að fyrirspurnin kom fram. En í ljósi þeirra ábendinga og athugasemda Ríkisendurskoðunar sem fram koma með skýrum hætti í skýrslunni er einsýnt að Alþingi og Stjórnarráðið þurfa að huga að breyttu verklagi og ferli fyrirspurna. Þannig virðist eðlilegt að viðameiri fyrirspurnum frá þingmönnum er varða m.a. fjárhagsupplýsingar, gagnavinnslu og úrvinnslu úr bókhaldi ríkisins, bæði fjárhagskerfi og mannauðskerfi og ná þvert á öll ráðuneyti, verði framvegis beint til aðila sem eru sérhæfðir á þessu sviði og hafa viðeigandi aðgangs- og eftirlitsheimildir, þ.e. til Ríkisendurskoðunar eða fjármálaráðuneytisins eftir atvikum og með aðkomu Fjársýslu ríkisins eftir því sem þörf er á.

Forsætisráðuneytið hefur m.a. í samráði við önnur ráðuneyti í Stjórnarráði Íslands þegar með bréfi til Alþingis í apríl sl. vakið athygli á framangreindum þáttum og lagt til að vinnubrögð og/eða löggjöf um form og efni skriflegra þingfyrirspurna verði tekin til gagn Gerrar endurskoðunar.

Í skýrslunni kemur fram það mat Ríkisendurskoðunar að sá ráðherra sem fyrirspurn, sem nær yfir svið fleiri ráðherra/ráðuneyta, er vísað til beri ábyrgð á að tryggja samræmdan skilning á efni fyrirspurnar og eigi að fara yfir og sannreyna töluleg svör þeirra. Forsætisráðuneytið hefur áður bent á að það sé skilyrði samkvæmt ákvæði 2. málsl. 1. mgr. 49. gr. þingskapalaga að fyrirspurn sé beint til þess ráðherra sem ber ábyrgð á máli. Standist þessi ábending Ríkisendurskoðunar hins vegar efnislega er það engum vafa undirorpið að fyrirspurnum skal í meira mæli vísað til sérhvers ráðherra, sem einn getur í raun ábyrgst sín eigin svör, upplýsingar og skilgreiningar eðli málsins samkvæmt. Forsætisráðuneytið undirstrikar í þessu sambandi að forsætisráðuneytið hefur engan aðgang að rekstrarupplýsingum eða bókhaldi annarra ráðuneyta eða öðrum eftirlitstækjum eins og hins vegar Ríkisendurskoðun, fjármálaráðuneytið og Fjársýsla [ríkisins] hafa. Ráðuneytið telur rétt að Alþingi hafi þetta í huga við framsetningu fyrirspurna í framtíðinni.

Forsætisráðuneytið ítrekar að 4. kafli skýrslunnar, um viðbótargreiðslur í beiðni forsætisnefndar, er í raun óháður upphaflegu svari ráðuneytisins við fyrirspurninni og því óháður öllum samanburði Ríkisendurskoðunar við upphaflegt svar. Þar sem um umtalsverðar fjárhæðir er að ræða vill ráðuneytið engu að síður benda á að það telur að töflur 4.1 og 4.2 í skýrslunni geti gefið villandi mynd. Í skýrslunni segir réttilega á bls. [20] : „Ástæða er til að taka fram að taflan tekur m.a. til einstaklinga sem ekki voru samtímis í tímabundnu starfi hjá ráðuneyti og í föstu starfi hjá félagsvísindasviði Háskóla Íslands. Jafnframt koma fram í henni upplýsingar sem birtar voru í svari forsætisráðherra við fyrirspurn þingmannsins, þ.e. um 10 m. kr. eru tvíteknar í töflunni og svarinu.” Jafnframt segir á bls. [21] í skýrslunni varðandi töflu 4.2: „Eins koma fram í henni upplýsingar sem þegar hafa verið birtar í svari forsætisráðherra, þ.e. um 18 m. kr. eru tvíteknar í töflunni og í svarinu.”

Rétt er að benda á að þessi framsetning gerir allan tölulegan samanburð mjög flókinn.

Ríkisendurskoðun tilgreinir þannig í töflu 4.1 í [ósundurgreindum] tölum launagreiðslur til starfsmanna sem hugsanlega voru í fullu starfi í ráðuneytunum eingöngu og lenda inni í töflunni sem slíkir. Þannig er m.a. blandað saman í töflunni annars vegar greiðslum ráðuneyta til starfsmanna sem voru eingöngu í ráðningarsambandi við viðkomandi ráðuneyti og þáðu þar 100% laun og hins vegar greiðslum til sömu aðila síðar eftir að þeir réðu sig til starfa á félagsvísindasviði Háskóla Íslands. Forsætisráðuneytið telur að það hefði gefið gleggri mynd ef í töflunni hefðu einungis verið tilgreindar greiðslur ráðuneyta til utanaðkomandi sérfræðinga, sem voru starfsmenn félagsvísindasviðs Háskóla Íslands á þeim tíma sem verkefni var unnið. Ráðuneytið telur að í raun hafi ekki verið óskað eftir upplýsingum um launagreiðslur ráðuneyta til sinna eigin starfsmanna, enda þótt hinir sömu starfsmenn hafi síðar ráðið sig til félagsvísindasviðs.